

Deildarnámskrá Kattholts

Áherslur deildarinnar eftir námssviðum leikskóla

LÆSI OG SAMSKIPTI:

Áhersla á:

- ✓ Almenna málörvun
- ✓ Að börnin heyri fjölbreytt og vandað mál í öllum athöfnum dagsins
- ✓ Að börnin tjái sig og taki þátt í samræðum, spyrji spurninga og skiptist á skoðunum
- ✓ Að börnin læri texta og taki þátt í söng
- ✓ Að lesið sé fyrir börnin fjölbreytt efni, þulur, sögur og ævintýr
- ✓ Að börnin hafi aðgang að bókum
- ✓ Að börnin upplifi að kennarar séu til staðar til að hlusta, hvetja og setja orð á hluti og athafnir.
- ✓ Að börnin upplifa að þeim sé heilsað og kvödd hlýlega.
- ✓ Að umhverfið sé læsishvetjandi, t.d. með merkingum á ýmsum hlutum, nafni þeirra og Lubbatákni, formum og litum o.fl. þess háttar.
- ✓ Að ritmál og bókstafir séu sýnileg, t.d. á mætingaspjöldum, máhljóð Lubba o.fl.
- ✓ Að reglur séu sýnilegar í máli og myndum
- ✓ Að börnin læri góð samskipti og sýni tillitssemi, eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti með áherslu á leiðtogaverkefnið og vináttuverkefnið.
- ✓ Að öll börnin fari í Lubbastundir og aðrar málörvunar- og læsisstundir

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin finni fyrir öryggi í leikskólanum og treysti því að þörfum þeirra sé mætt
- ✓ Að börnin reyni sig við daglegar athafnir og hafi tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf
- ✓ Að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu og góðu leikrými, inni og úti, sem eflir bæði fín-og grófhreyfingar
- ✓ Að börnin fari í útivist, geti hreyft sig frjálst, hlaupið, hjólað, klifrað, rólað o.fl. og fái súrefni í lungun
- ✓ Að farið sé í leiki sem og eða hreyfistundir sem reynir á líkamsbeitingu
- ✓ Að börnin hafi tækifæri til að nota mataráhöld og hafi tíma til að njóta matarins og matartíminn sé notaleg stund
- ✓ Að börnin fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf, t.d. að þvo hendur og klæða sig og verða sjálfbjarga á salerni
- ✓ Að börnunum sé boðið upp á hollan mat og rætt um matinn og hollustu hans
- ✓ Að börnin hvílist og endurnæri líkamann m.a. með vináttuverkefninu.
- ✓ Að börnin upplifi gleði m.a. með leiðtogaverkefninu.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin búi við umhverfi sem stuðli að námi og vellíðan m.a. með leiðtogaverkefninu og vináttuverkefninu.
- ✓ Að börnin hafi aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda
- ✓ Að fjölbreyttir kubbar séu notaðir
- ✓ Að börnin læri að ganga vel um gróður og mannvirki
- ✓ Að lesnar séu sögur um umhverfið, dýr og plöntur
- ✓ Að unnið sé með form og afstæðuhugtök

- ✓ Að farið sé í vettvangsferðir þar sem börnin fái tækifæri á að leika sér í mismunandi landslagi við mismunandi aðstæður
- ✓ Að börnin upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu og farið sé út í flestum veðrum

SKÖPUN OG MENNING:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu leikefni sem ýtir undir forvitni og sköpun og hvetji til nýrra áskorana
- ✓ Að börnin fái tækifæri til að tjá sig í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- ✓ Að börnin hlusti á fjölbreytta tónlist og kynnist hljóðfærum og hljóðgjöfum
- ✓ Að börnin finni til gleði og ánægju yfir eigin sköpunarkrafti m.a. með leiðtogaverkefninu.
- ✓ Að börnin taki þátt í sameiginlegum athöfnum og hefðum innan leikskólans, t.d. söngstundum , leiðtogadegi, degi leikskólans, þorablóti o.fl. þess háttar
- ✓ Að skapa úr efnivið náttúrunnar
- ✓ Að kynnast matarhefðum gömlum og nýjum og nota borðsiði og sýna tillitssemi og samhjálp
- ✓ Ræða um sig og fjölskyldu sína og heyra aðra segja frá sér og sínum fjölskyldum

Færniviðmið 2 ára

Við tveggja ára aldur eru flest börn búin að tileinka sér þessa getu:

Málþroski

- ✓ nota 50 orð
- ✓ taka þátt í einföldum samræðum
- ✓ þekkja hluti út frá notagildi, t.d. hver er hluturinn sem við sitjum á
- ✓ hlusta á sögu með myndum í ca. 5 mínútur
- ✓ segja frá hvað það er að gera
- ✓ skilja einföld sagnorð t.d. borða, sofa
- ✓ skilja forsetningar eins og í, á og undir
- ✓ skilja afstöðuhugtök ofan á, inní, undir....
- ✓ skilja algeng lýsingarorð stór, góður, kaldur
- ✓ skilja tilfinningar eins og góður, vondur, reiður
- ✓ skilja einföld fyrirmæli t.d. náðu í glasið
- ✓ fylgja einföldum nafnorðum eins og láttu bangsa fara að sofa
- ✓ nota tveggja orða setningar
- ✓ setja saman tvo orð eins og t.d. meiri mjólk
- ✓ tala um sjálf sig með nafni
- ✓ nota persónufornöfnin ég, hann, hún
- ✓ nota fleirtölu
- ✓ nota ákveðinn greini t.d. fíllinn, sólin
- ✓ nota einföld andstæð hugtök heitt/kalt, inn/út
- ✓ þekkja einföld magnhugtök allir, meira, mikið
- ✓ svara „hvar“ spurningum
- ✓ spyrja „hvað er þetta“
- ✓ nefna algeng umhverfishljóð

Vitsmunapróska

- ✓ ákveða sig ef um valkost er að ræða
- ✓ segja til um aldur sinn
- ✓ segja til um kyn sitt
- ✓ þekkja helstu líkamshluta
- ✓ syngja einföld lög eins og „Afi minn fór á honum Rauð“
- ✓ þekkja grunnlitina gulur, rauður, blár
- ✓ para saman þrjá liti
- ✓ rétta fleiri en einn hlut þegar notuð er fleirtala
- ✓ setja hluti í, á og undir eftir beiðni

Grófhreyfiproski

- ✓ hoppa jafnfætis á sama stað
- ✓ hlaupa
- ✓ klifra upp stiga
- ✓ ganga aftur á bak
- ✓ ganga niður tröppur með hjálp
- ✓ fara kollhnís með hjálp
- ✓ kasta bolta til kennara/fullorðins úr 1,5 m fjarlægð

Fínhreyfingar

- ✓ teikna línu og hring eftir fyrirmynd
- ✓ púsla 3-5 stk púsl
- ✓ taka leikföng í sundur og sett saman
- ✓ þræða perlur á þráð
- ✓ byggja turn úr 5-6 kubbum

Félagsþroski

- ✓ eru í leik í allt að 5 mínútur
- ✓ leika í þykjustuleik sem byggja á röð t.d. gefið bangsa að borða og svæfa hann
- ✓ skiptast á í einföldum leikjum eins og t.d að rúlla bolta á milli
- ✓ bíða eftir því að mega fara af stað
- ✓ sýna tilfinningar eins og gleði og reiði
- ✓ sýna ástúð með því að endurgjalda koss og/eða faðmlag

Sjálfs hjálp

- ✓ matast sjálf með skeið og gaffli
- ✓ venjast að fara á klósett
- ✓ þurrka sér um hendur
- ✓ klæða sig í auðveld föt s.s. húfu og sokka
- ✓ klæða sig úr buxum, húfu, sokkum, stígvélum

Færniviðmið 3 ára

Við þriggja ára aldur eru flest börn búin að tileinka sér þessa getu:

Málþroski

- ✓ bera fram orð með /m/, /n/, /b/, /d/, /l/
- ✓ fylgja eftir einföldum fyrirmælum
- ✓ eru tiltölulega skýr í tali
- ✓ nota þriggja til fjöggra orða setningar
- ✓ láta í ljós að fyrra bragði þörf fyrir að tjá sig
- ✓ tjá sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði
- ✓ halda uppi samræðum í stutta stund í einu eða a.m.k. 3 mínútur
- ✓ segja frá hvað það er að gera, frá eigin reynslu og útskýra einfalda hluti
- ✓ endursegja stutta sögu
- ✓ hafa 600 orð á valdi sínu (orðaforða)
- ✓ halda athygli meðan lesið er fyrir það sögu sem hæfir aldri þess í a.m.k. 5-10 mínútur
- ✓ benda á algenga hluti eins og bíl, dúkku, bók
- ✓ nota algeng orð yfir hluti eins og bolti, skór
- ✓ spyrja spurninga eins og hvað er þetta?
- ✓ nota neitun í setningum eins og ekki og nei
- ✓ skilja einföld hugtök eins og stórt, litið, þurrt, blautt, þungt, létt
- ✓ þekkja algeng afstöðuhugtök eins og framan, aftan, undir, ofan á
- ✓ svara hvað, hvernig, já og nei spurningum
- ✓ nota spurnarorðin hvar, hver, hvað
- ✓ nota „ég“ í stað nafns
- ✓ nota flóknar fleirtölu myndir bók/bækur, barn/börn
- ✓ finna réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirmælum
- ✓ endurtaka stuttar setningar
- ✓ beygja sagnorð rétt eftir tíðum

Vitsmunaproski

- ✓ segja nafnið sitt og föðurnafn
- ✓ nefna a.m.k. þrjá liti
- ✓ benda á 10 líkamshluta og nefna 6
- ✓ herma eftir talningu á 10 hlutum
- ✓ telja upp á 5 og þekkja einföld talnagildi 1-3
- ✓ þekkja muninn á strák og stelpu og geta bent á
- ✓ raða 6 stykkja púsluspili án þess að prófa sig áfram
- ✓ taka þátt í leikjum með rími og stuttum þulum eins og fagur fiskur í sjó

Grófhreyfiproski

- ✓ ganga á tám
- ✓ hjóla á þríhjóli
- ✓ sparka í bolta
- ✓ róla í rólu sem ýtt er af stað
- ✓ grípa bolta með báðum höndum
- ✓ hlaupa 10 skref með réttum armhreyfingum
- ✓ ganga upp stiga með því að skipta um fót

Fínhreyfingar

- ✓ nota fjögra fingra grip um skriffæri
- ✓ teikna hring, línu og kross eftir fyrirmynd
- ✓ teikna útlími á mannsmynd
- ✓ klippa með skærum
- ✓ perla með stórum perlur
- ✓ byggja turn úr 6-8 kubbum

Félagsþroski

- ✓ hafa áhuga á að leika sér við aðra (barn/fullorðin)
- ✓ leika sér táknrænt t.d. nota blýant sem flugvél og taka þátt í ímyndaleik t.d. þykjast borða
- ✓ deila leikföngum með öðrum
- ✓ sækjast eftir því að hjálpa til
- ✓ hafa frumkvæði að jákvæðum samskiptum
- ✓ halda athygli að ákveðnu verkefni eins og púsla, mála og kubba í a.m.k. 3 mínútur
- ✓ taka þátt í söngstundum og söngleikjum
- ✓ njóta þess að dansa við tónlist

Sjálfs hjálpa

- ✓ borða sjálf
- ✓ klæða sig að mestu sjálf
- ✓ segja til um salernisferðir
- ✓ forðast hættur eins og glerbrot, bíla

LUBBANÁMSKRÁ

Aldursmiðuð nálgun 2-3 ára

- ♦ Lubbi er áfram meira í bakgrunninum heldur en hjá þeim eldri en verður partur af almennri kennslu á öllum deildum og bætt aðeins við.

- ♦ Tákn fyrsta máhljóðs í nafni barnanna sýnilegt.

- ♦ Börnin fá að leika með Lubba.

- ♦ Stutt skipulögð Lubbastund í litlum hópum:

Lögð áhersla á tákn og máhljóð

- ♦ Söngur

- ♦ Tákn

- ♦ Veggspjöld sýnileg

- ♦ Skoða og lesa bókina

- ♦ Lesum bækur sem tengjast

máhljóði vinunnar

Aldursmiðuð nálgun 3-4 ára

- ♦ Það sem á við um yngri börn á líka við um þennan aldur.
- ♦ Stuttar skipulagðar Lubbastundir í litlum hópum:
Lögð áhersla á tákni og máhljóð. Syngja lagið, lesa söguna og tala um hvað er að gerast á myndinni.
Hvað er Lubbi að gera? Hvar er beinið?
- ♦ Flétta hljóðkerfisvitund inn í leikinn. T.d. að ríma og klappa samstöfur.
- ♦ Fínhreyfiverkefni unnin í tengslum við máhljóð vikunnar
- ♦ Samverustundir þar sem lesnar eru bækur sem tengjast máhljóði vikunnar.